

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi  
v/ Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2811  
komudagur 14.6.2010

11. júní 2010  
Tilvísun: 2010050076

## Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn á starfsemi fjármálafyrirtækja á tímabilinu frá október 2008 til ársloka 2009, þskj. 882 - 504. mál.

### I. Almennar athugasemdir

Tilgreint er í greinargerð með frumvarpinu að það sé að nokkru leyti byggt á lögum nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Frumvarpinu er ætlað að koma á fót nefnd (hér eftir *nefndin*) sem er ætlað að rannsaka ákvarðanir fjármálafyrirtækja vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja. Fjármálaeftirlitið telur að markmið og hlutverk *nefndarinnar* sé ekki sambærilegt hlutverki og markmiðum rannsóknarnefndar Alþingis, en rannsókn hennar beindist að aðdraganda og orsökum bankahrunsins.

Fjármálaeftirlitið telur því nærtækara að líta til eftirlitsnefndar samkvæmt lögum nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Þess má þó geta að hlutverk *nefndarinnar* er afmarkaðra en hlutverk eftirlitsnefndar samkvæmt lögum nr. 107/2009. Á meðan eftirlitsnefndin kannar ákvarðanir eftirlitskyldra aðila vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar einstaklinga, heimila og fyrirtækja, kannar *nefndin* ákvarðanir fjármálafyrirtækja vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja.

Í ljósi framangreinds fær Fjármálaeftirlitið ekki séð að þörf sé á jafn viðtækum rannsóknarheimildum og um getur í 4. til 6. gr. frumvarpsins, m.a. athuganir á starfsstöð opinberra stofnana. Fjármálaeftirlitið gerir ráð fyrir að hér hafi verið horft til laga nr. 142/2008 þar sem finna má sambærilega heimild, en eins og áður greinir telur Fjármálaeftirlitið að frumvarpið feli *nefndinni* ekki sambærilegt hlutverk og rannsóknarnefnd Alþingis, en rannsókn rannsóknarnefndar Alþingis beindist m.a. að stofnunum ríkisins og ráðuneytum. Fjármálaeftirlitið vísar þess í stað til heimilda eftirlitsnefndar samkvæmt lögum nr. 107/2009, einkum 3. mgr. 5. gr. laganna, og telur að þær falli betur að hlutverki *nefndarinnar*.

### II. Eftirlit með tilmælum ríkisstjórnarinnar og álit Samkeppniseftirlitsins

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að til loka árs 2009 var ekkert eftirlit með því hvernig fjármálafyrirtæki tóku ákvarðanir um afskriftir skulda, fjárhagslega endurskipulagningu og fleira því tengt. Fjármálaeftirlitið gerir ráð fyrir að hér sé verið að vísa til tilmæla stjórnvalda frá 2. desember 2008 og álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008. Í ljósi þess vísar Fjármálaeftirlitið til athugasemda með 2. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sem fjallar um gildissvið laganna, en þar kemur eftirfarandi fram: „

*Hér er því byggt á því að gilda þurfi lög og reglur um viðkomandi fjármálastarfsemi til þess að opinbert eftirlit þjóni tilgangi sínum. Hlutverk eftirlitsstofnunar er fyrst og fremst að fylgjast með því að starfsemi sé í samræmi við gildandi lög og reglur. Ef engar reglur eru í gildi um tiltekna starfsemi og öll viðmið skortir verður eftirlit með henni ómarkvíst.*

Fjármálaeftirlitið bendir á að um er að ræða tilmæli stjórnvalda frá 2. desember 2008, en að mati Fjármálaeftirlitsins beinast tilmælin að bankastjórnnum Nýja Glitnis banka hf., Nýja Landsbanka Íslands hf. og Nýja Kaupþings banka hf. sem voru þá í eigu íslenska ríkisins. Framangreind ályktun er dregin af 1. tl. tilmælanna þar sem bankaráðum hinna nýju banka er gert að setja sér nánar tilgreindar reglur. Álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008 er beint til viðskiptabanka sem eru í eigu ríkisins og eftir atvikum til skilanefnda.

Í ljósi framangreinds telur Fjármálaeftirlitið rétt að gera greinarmun á þeim fjármálafyrirtækjum sem tilmælum ríkisstjórnarinnar og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins er beint til og annarra fjármálafyrirtækja í 2. ml. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

### *III. Annað*

Fjármálaeftirlitið leggur til að orðið „eftirlitsskyldra“ sé felld úr 2. ml. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Fjármálaeftirlitið leggur til að orðið „fjármálafyrirtæki“ sé notað í stað „fjármálastofnana“ í 3. ml. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

  
Guðmundur Jónsson

  
Hildur Jóna Júlíusdóttir